

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 52/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir,**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Elí Auðunarsyni

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snæv-
arr prófessor

Fjármál hjóna. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 6. marz 1961. Í Hæstarétti hefur áfrýjandi uppi þessar kröfur: *Aðallega* að hún verði sýknuð af kröfum stefnda, en *til vara*, að kröfur þær, sem stefndi hefur lýst í bú þeirra eiginmanns áfrýjanda, verði taldar sérkröfur á hendur eiginmanni hennar, Ólafi Jónsyni, og goldnar af hjúskapareign hans eða að áfrýjandi hljóti endurgjald sem kröfum svarar af hjúskapareign beggja hjónanna, að frádregnum skuldum. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í héraðsdómi er því rækilega lýst, að krafa sú, er stefndi lýsti í bú þeirra áfrýjanda og eiginmanns hennar, stafar af bifreiðakaupum hans. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á téðri kröfu, enda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Í 48. gr. sömu laga er boðið, að við búskipti vegna skilnaðar skuli kanna sjálfstætt hjúskapar-

eignir hvors hjóna um sig og þær skuldir, sem á hvoru hjóna hvíli. Ber því að halda aðgreindum hjúskapareignum hjónanna og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda um greiðslu 20.000 króna ásamt vöxtum, eins og lýst er í héraðsdómi, er samkvæmt framan-sögðu ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðlaug Helga Sveinsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Elís Auðunarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1961.

Sóknaraðili máls þessa, Elí Auðunarson húsasmiður, Þinghólsbraut 2 í Kópavogi, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði með úrskurði skiptaréttarins gert að greiga sér kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann þess, að félagsbúinu og Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða in solidum málskostnað að mati skiptaréttarins.

Ólafur Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðilinn Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, aðallega að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði með öllu hrundið, en til vara, að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jónssonar í félagsbúinu. Hvor kosturinn, sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 7. þessa mánaðar.

Pau Ólafur Jónsson bifreiðastjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölneholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til

aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjóna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi með bréfi þessu endurrit úr hjónaskilnaðarþók Reykjavíkur.

Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958, rskj. 19 í máli þessu.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð að Bústaðavegi 67 svo og bíllinn R 870 (De Soto 1947). Skal þess getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bifreið þessi skrásetningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hún svo seld á uppboði þannig skrásett. Var ákveðið í lok uppskriftar að taka búið til opinberra skipta og enn fremur, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna. Sjá að öðru leyti endurrit af skiptabók, rskj. nr. 20 í máli þessu.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðan í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Sóknaraðili, Elí Auðunarson, lýsir hinn 21. maí 1958 20.000.00 króna víxilkröfu í félagsbúið, og barst kröfulýsing hans hingað til embættisins hinn sama dag, sbr. rskj. nr. 2.

Kröfugerð sóknaraðilja byggist á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, ritaðri í víxilformi og með samþykki Ólafs árituðu. Skjal þetta hljóðar um 20 þúsund krónur. Það er dagsett hinn 5. maí 1958 og tilgreinir 5. september sama árs sem greiðsludag, og krefst sóknaraðili og 7% ársvaxta af skuldinni frá þeim degi, en þá voru almennir víxilvextir 7%. Hefur skjal þetta verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 4. Í kröfulýsingunni á rskj. nr. 2 var þess getið, að krafan væri tryggð með 2. veðrétti í íbúð að Bústaðavegi 67, eign félagsbúsins, og hefur tryggingarbréf þar að lútandi verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 17. Upphæð þess er kr. 20.000.00, og er það útgefið til Kauphallarinnar sem víxilskuldatrygging af Ólafi Jónssyni hinn 4. júlí 1957. Því er þinglýst hér við embættið hinn 5. júlí 1957. Á það er enn fremur ritað framsal Kauphallarinnar til Elís Auðunarsonar, dags. 5. maí 1958.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd með tilvísan til yfirlýsingar Ólafs Jónssonar á rskj. 3 og rskj. 13 og á þessa leið:

Ólafur Jónsson kaupir bíllinn R 870 af Hannesi Kolbeins hinn

20. júlí 1956 fyrir 50 þúsund krónur. Í því sambandi tekur hann víxillán hjá Kauphöllinni, 25 þúsund krónur, með gjalddaga haustið 1956. Til þess að greiða víxilskuld þessa tekur hann lán hjá sóknaraðilja, 10 þúsund krónur, og skyldi endurgreiða þá fjárhæð vorið 1957, en er þar kom, gat Ólafur það ekki með öðru móti en því að taka að nýju víxillán hjá Kauphöllinni hinn 4. júlí 1957, og nú að upphæð kr. 20 þúsund. Um leið veðsetti Ólafur Kauphöllinni eignarhluta sinn í Bústaðavegi 67 fyrir víxilskuldinni, sjá áður umgetið tryggingarbréf, rskj. 17.

Nú kom að því, að Ólafur þurfti að greiða hina veðtrygðu víxilskuld í Kauphöllinni. Fékk hann þá enn peningalán, kr. 20 þúsund, hjá sóknaraðilja, Elí Auðunarsyni, og er það sú fjárhæð, sem skjalið á rskj. 4 á við og nú er krafizt endurgreiðslu á úr félagsbúinu. Gengu þeir peningar til Kauphallarinnar, og jafnframt framseldi Kauphöllin sóknaraðilja tryggingarbréfið á rskj. 17.

Þannig heldur sóknaraðili því fram, að hér sé um að ræða endurnýjun og raunar ítrekaða endurnýjun á fyrri víxilskuld. Til þessarar skuldar hafi verið stofnað hinn 20. júlí 1956, meðan hjúskapur þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu var við líði og vegna kaupa á bíl, sem Ólafur hafi haldið úti á bifreiðastöð, sjá vottorð á rskj. 15, og hafi afrakstur þeirra ökustarfa að sjálfsögðu gengið til framfærslu heimilis þeirra hjónanna. Bíllinn hafi orðið eign félagsbúsins við kaupin, og við uppboðið hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Sé hér því ljóslega um að ræða skuld, sem félagsbúinu beri að ljúka. Bent er á endurrit af framtali Ólafs Jónssonar, fram lögðu sem rskj. 11, fyrir árið 1956, en þar segist hann hafa keypt bíl þenna.

Af hálfu varnaraðilja, Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur, er vísað til þess, að skipti í félagsbúi þessu hafi hafizt með beiðni hennar um opinbera skiptameðferð hinn 5. marz 1958, sbr. rskj. 18. Svo sem skjalið á rskj. 4 beri með sér, hafi skuld þessi stofnast 5. maí 1958 og ekki fyrr, og er gagnstæðum fullyrðingum sóknaraðilja mótmælt sem röngum svo og skýrslu Ólafs Jónssonar. Þannig sé krafa sóknaraðilja félagsbúinu óviðkomandi svo og varnaraðilja. Bíll þessi hafi þar að auki verið keyptur án vitundar og vilja varnaraðilja og arður hans, ef nokkur hafi orðið, hafi ekki gengið til framfærslu félagsbúsins. Kveðst Guðlaug Helga engu hafa ráðið um fjárreiður félagsbúsins. Hún kveðst ekki hafa samþykkt undirritun Ólafs á tryggingarbréfinu á rskj.

17 og ekki hafa haft hugmynd um kröfu sóknaraðilja, fyrr en skiptameðferð var hafin á búinu.

Pau Guðlaug Helga Sveinsdóttir og Ólafur Jónsson höfðu ekki gert með sér kaupmála fyrir giftinguna eða á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Ekki verður heldur séð, að þau hafi komið með eignir með sér í búið að öðru leyti en því, að Ólafur hafi keypt eignarhlutann í Bústaðavegi 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950. Þær eignir aðrar, sem upp voru skrifaðar, virðast því hafa orðið til í hjónabandi þeirra. Þar eð bifreiðin og íbúðin voru á nafni Ólafs, verður undir engum kringumstæðum talið, að þær eignir hafi verið hjúskapareign konunnar. Hins vegar má telja, að þær hafi verið sameign þeirra hjóna, aflað fyrir sameiginlega starfskrafta þeirra í þágu félagsbúsins og með fjárhagsaðstoð annarra, enda voru eignir þessar við uppskrift á búinu skrifaðar upp sem eignir félagsbúsins, og þegar þær voru seldar, gekk andvirði þeirra inn í félagsbúið, að því fráskildu, að tekið var af uppboðsverði íbúðarinnar kr. 27.500.00, ef með þyrfti til fullnægju þeirrar skuldar, sem hér um ræðir.

Ætla verður, að umrædd bifreið hafi verið keypt með það fyrir augum að auka tekjur búsins, og á framtali Ólafs Jónssonar fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3.000.00.

Telja verður nægilega fram komið, að krafa sú, sem hér um ræðir, sé endurnýjun þeirra skulda, sem Ólafur stofnaði til, er hann keypti bifreiðina R 870, sem síðar fékk númerið R 8259.

Samkvæmt þessu verður að taka til greina kröfu sóknaraðilja í máli þessu um kr. 20.000.00 greiðslu úr búinu ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958, enda hefur þeirri vaxtahæð ekki verið mótmælt sérstaklega. Þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Því úrskurðast:

Varnaraðili, félagsbú Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur og Ólafs Jónssonar, greiði sóknaraðilja, Elí Auðunarsyni, kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir in solidum kr. 3.000.00 í málskostnað.